

## FUNDARGERÐ

**Fimmtudaginn 24. janúar 2013 kl. 11:30** kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsaáskynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómhúsi, fundarherbergi á 4. hæð Sölvhólgötu 7 Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir og Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Í fjarfundarsambandi var Árni Rúnar Þorvaldsson.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

### FUNDARGERÐIR

Fundargerð frá fundi nefndarinnar 30. nóvember 2012 var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda og var undirrituð. Fundargerð frá fundi nefndarinnar 17. desember 2012 var lögð fram til kynningar og verður tekin til afgreiðslu á næsta fundi nefndarinnar.

### GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2013

#### Endurskoðun á grundvelli fjárlaga

Lögð voru fram til kynningar endurskoðuð drög að greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2013 sbr. fjárlög og áætlaðan rekstrarkostnað fyrir árið 2013. Óverulegar breytingar höfðu orðið á áætluninni frá fundi nefndarinnar 17. desember 2012.

Hvað tekjuhlið áætlunarinnar varðar þá kom fram að áætlaðar tekjur sjóðsins hefðu hækkað úr 34.286 m.kr. í 34.360 m.kr. eða um 74 m.kr. við 3ju umræðu fjárlaga. Um er að ræða sérstakt aukaframlag á árinu 2013 svo ljúka megi fjárhagslegri endurskipulagningu Sveitarfélagsins Álftaness.

Hvað gjaldahlið áætlunarinnar varðar þá höfðu þar að sama skapi orðið óverulegar breytingar nema hvað aukaframlagið varðar. Að teknu tilliti til áætlunar um rekstrarkostnað að fjárhæð 83 m.kr. og óráðstafaðra tekna að fjárhæð 102 m.kr. nema áætluð gjöld samtals 34.360 m.kr.

#### Innheimtustofnun sveitarfélaga – Fjárbörf

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi fra Innheimtustofnun sveitarfélaga, dags. 23. nóvember 2012. Í erindinu er gerð grein fyrir áætlun Innheimtustofnunarinnar um innheimtu meðlaga á árinu 2013 og þeim þáttum sem hugsanlega kunna að hafa áhrif þar að lútandi. Fram kemur að áætlun Innheimtustofnunarinnar um fjárbörf úr Jöfnunarsjóði nemi 1.050 m.kr. á árinu 2013 sem er svipuð tala og áætluð var fyrir árið 2012. Rauntölur ársins 2012 voru hins vegar töluvert lægri eða um 904 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að í greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2013 væri gengið út frá því að fjárbörf Innheimtustofnunar úr Jöfnunarsjóði muni nemi um 1.050 m.kr. á árinu. Greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins hafði verið uppfærð með tilliti til þessa.

#### Umsjónarnefnd eftirlauna

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Greiðslustofu lífeyrissjóða, dags. 3. janúar 2013. Í erindinu kemur fram að Umsjónarnefnd eftirlauna áætli að greiðsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla laga um Umsjónarnefndeftirlauna muni nema 3 m.kr. á árinu 2013.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að í greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2013 væri gengið út frá því að greiðsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Umsjónarnefndar eftirlauna nemi 3 m.kr. á árinu. Greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins hafði verið uppfærð með tilliti til þessa.

## **FRAMLÖG VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA**

### **Garðabær - Beiðni um viðbótarframlag**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Garðabæjar, dags. 18. desember 2012. Í erindinu er þess farið á leit að ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga taki til endurskoðunar ákvörðun um fjárhæð framlags á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003 vegna aðkomu sjóðsins að kostnaði við könnun á hagkvæmni sameiningar Sveitarfélagsins Álftaness og Garðabæjar, kynningar á sameiningartillögu og atkvæðagreiðslu. Samþykkt tillaga ráðgjafarnefndar um úthlutun framlags nemur tæplega 8,4 m.kr. Í erindi Garðabæjar er gerð grein fyrir þeim viðbótarkostnaði sem sveitarfélagið hafði orðið fyrir í tengslum við sameininguna.

Fram kom hjá nefndinni að um hámarksúthlutun framlags hefði verið að ræða á grundvelli samþykktra vinnureglna sjóðsins frá 18. apríl 2008 er byggja á a-lið 1. gr. reglnanna nr. 295/2003. Með tilvísun til þessa sá nefndin sér ekki fært að verða við beiðni Garðabæjar um viðbótarframlag að öðru leyti en því að við útreikning framlagsins væri miðað við samanlagðan íbúafjölda í sveitarfélögunum 1. desember 2011 í stað þess að miða við þann íbúafjölda sem var í sveitarfélögunum báðum við upphaf sameiningarferlisins.

Leiðrétting verður gerð á framlaginu með tilvísun til þess.

## **FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA**

### **Sandgerðisbær**

Með bréfi dags. 11. október 2012 hafði Jöfnunarsjóður sveitarfélaga óskað umsagnar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um beiðni Sandgerðisbæjar um úthlutun framlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 200 m.kr. svo ná mætti settum markmiðum hvað rekstur sveitarfélagsins varðaði.

Umsögn Eftirlitsnefndarinnar, dags. 11. janúar 2013, hafði nú borist og var lögð fram til kynningar á fundinum. Í umsögn nefndarinnar kemur fram „að eftir yfirferð á stöðu fjármála og á grundvelli framlagðra gagna sveitarfélagsins og ráðgjafa þess, sé niðurstaða EFS að ekki séu forsendur til fjárframlags til Sandgerðisbæjar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í samræmi við b-lið 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að erindi Sandgerðisbæjar væri hafnað á grundvelli niðurstaðna EFS á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

## **FRAMLÖG VEGNA VATNSVEITUFAMKVÆMDA Á LÖGBÝLUM**

### **Tillaga Bændasamtaka Íslands að úthlutun framlaga vegna framkvæmda 2012**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Bændasamtökum Íslands, dags. 3. janúar 2013. Í erindinu kemur fram að alls hafi framkvæmdir farið fram við 34 vatnsveitur á lögbýlum árinu 2012 og samanlagður kostnaður vegna þeirra hafi numið 31,3 m.kr. Með tilvísun til kostnaðarþátttöku sjóðsins sem nemur að hámarki 44% leggja samtökin til að úthlutun stofnframlags vegna vatnsveitufamkvæmda á lögbýlum á árinu 2012 nemi samtals 13.770.048 kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framlag að fjárhæð 13.770.048 kr. kæmi til greiðslu á grundvelli c-liðar 7.gr. reglugerðar, nr. 960/2010, vegna framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum á árinu 2012, sbr. reglugerð nr. 973/2000.

## **JÖFNUN Á TEKJUTAPI VEGNA FASTEIGNASKATTS**

### **Endurskoðuð áætlun ársins 2013**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga á árinu 2013 til jöfnunar á tekjutapi vegna breytinga á álagningarstofni mannvirkja.

Ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu framlaganna tekur mið af fjárhæð sem nemur allt að 30% af lögbundnu framlagi í sjóðinn sem nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Á fjárlögum ársins 2013 nemur 2,12% framlagið frá ríki 10.448 m.kr. og nemur því endurskoðað framlag 30% af þeirri fjárhæð eða 3.134 m.kr.

Um 136 m.kr. hækkun er að ræða frá fyrri áætlun um heildarúthlutun framlaganna á árinu 2013. Innbyrðis hlutföll milli sveitarfélaga haldast óbreytt þar til uppreikningur framlaganna fer fram í júní á grundvelli álagningarstofna fasteignaskatts frá 31. desember 2012 og álagningarhlutfalla fasteignaskatts í hverju sveitarfélagi á árinu 2013.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að áætluð úthlutun framlaga á árinu 2013 til jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts væru aðlöguð að áætluðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu og næmu samtals 3.134 m.kr.

Við tillögugerð að áætlaðri úthlutun framlagsins til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

## ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG

### Tillaga að viðbótarframlagi vegna skólaaksturs 2012

Áætluð heildarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B-hluta 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, námu samtals 750 m.kr. á árinu 2012. Til úthlutunar og greiðslu komu 575 m.kr. á árinu 2012 sem voru greiddar mánaðarlega með jöfnum greiðslum. Allt að 175 m. kr. koma til úthlutunar og greiðslu á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum, sbr. b-lið 3. gr. endurskoðaðra vinnureglna frá 11. desember 2012 um úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði vegna skólaaksturs úr dreifbýli, vegna íþyngjandi kostnaðar á árinu 2012 umfram tekjur úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi.

Á fundinum var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga á grundvelli umsókna sveitarfélaga um úthlutun viðbótarframlags vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur úr dreifbýli umfram tekjur á árinu 2012. Heildarumsóknir sveitarfélaga um viðbótarframlag vegna skólaaksturs nema samtals rúmlega 170,3 m.kr.

Helstu forsendur við útreikning viðbótarframlagsins vegna skólaaksturs úr dreifbýli á árinu 2012 eru:

- Kostnaður við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2012 umfram framlög úr Jöfnunarsjóði það að lútandi.
- Skerðing framlaganna tekur mið af hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi sbr. forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2012.
- Á grundvelli heimildarákvæðis við b-lið 3. gr. vinnureglnanna frá 11. desember 2012 er Akureyrkaupstað nú heimilt að sækja um framlag vegna skólagöngu nemenda úr Grímsey er stunda nám í efri bekkjum grunnskólans á Akureyri þar sem einungis 1. – 8. bekkur er starfræktur í Grímsey.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að tillaga að úthlutun viðbótarframlags vegna skólaaksturs úr dreifbýli á árinu 2012, samtals að fjárhæð 170,3 m.kr., væri samþykkt.

Við umfjöllun og tillögugerð að úthlutun framlaga til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Árni Rúnar Þorvaldsson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

## FRAMLÖG TIL EFLINGAR TÓNLISTARFRÆÐSLU

### Ný reglugerð

Lögð var fram til kynningar reglugerð nr. 23/2013 um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda. Reglugerðin var sett í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga og gildir frá og með skólaárinu 2012-2013 eða frá 1. september 2012.

Reglugerðin felur í sér nokkuð breytta aðferðafræði frá reglum sem hafa gilt um úthlutun framlaga til eflingar tónlistarnámi frá 31. ágúst 2011. Meginbreytingin sem fram kemur í 4. gr. nýrrar reglugerðar er sú að úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði er nú byggð á ítarlegri upplýsingum frá tónlistarskólum og sveitarfélögum um kennslumagn eftir tegund náms og námsstigi í stað þess að vera föst viðmiðunarfjárhæð á nemanda. Þessi breyting mun fyrirsjáanlega leiða til nokkurrar tilfærslu fjármuna á milli einstakra sveitarfélaga þar sem kennslumagn er nokkuð mismunandi eftir tónlistarskólum. Heildaráhrifin af þessum breyttu úthlutunarreglum á tekjur sveitarfélaga verða hins vegar engin því framlag ríkisins mun eins og áður renna að fullu til sveitarfélaga.

### Tillaga að vinnureglum um útreikning og úthlutun framlaga

Eins og fram kemur í a-lið 4. gr. reglugerðarinnar um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda er gert ráð fyrir að ráðherra setji vinnureglur um úthlutun framlaga, skv. tillögu ráðgjafarnefndar að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Drög að vinnureglum voru lögð fram á fundinum til umfjöllunar. Að yfirferð lokinni óskaði ráðgjafarnefndin eftir að vinnureglurnar væru endurskoðaðar með það að markmiði að framkvæmd og útreikningur framlaganna lægju ljós fyrir.

Fram kom á fundinum að endurskoðuð drög að vinnureglunum mundu berast ráðgjafarnefndinni næsta dag til skoðunar. Gekk það eftir og samþykkti nefndin endurskoðuð drög að reglum.

### Tillaga að endurskoðaðri áætlun framlaga vegna skólaársins 2012-2013

Á fundi ráðgjafarnefndar 19. september 2012 samþykkti nefndin tillögu að áætlaðri úthlutun framlaga til eflingar tónlistarfræðslu og jöfnunar á aðstöðumun nemenda fyrir skólaárið 2012–2013 með eftirfarandi bókun sinni.

*Tillaga ráðgjafarnefndar um áætlaða úthlutun framlaga mánuðina september til desember er gerð með fyrirvara um endurskoðun þegar leiðréttingar á nemendaskrá tónlistarskóla hafa farið fram og endanlegar reglur um úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda á skólaárinu 2012 – 2013 liggja fyrir.*

*Lagt er til að 510 m.kr. verði dreift á grundvelli 2. mgr. 1. gr. núgildandi reglna þ.e. vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna söngnáms á miðstigi og söng- og hljóðfæranáms á framhaldsstigi. Um jafnar mánaðarlegar greiðslur er að ræða til kennslusveitarfélaga nemendanna á skólaársgrunni, þ.e. á tímabilinu september til ágúst. Samkvæmt áætlun er mánaðargreiðsla til sveitarfélaga 42,5 m.kr.*

*Eftirstöðvar framlagsins, 10 m.kr. munu renna til úthlutunar framlaga á grundvelli 7. gr., mögulegra umsókna vegna kostnaðar af langtímaforföllum o.fl.*

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð tillaga að áætlun um úthlutun framlaga til sveitarfélaga skólaárið 2012 – 2013 til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda á grundvelli 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 23/2013. Tillagan tekur mið af endurskoðaðri nemendaskrá og fjölda kennslueininga frá nóvember 2012. Gert er ráð fyrir að leiðrétting framlaga fyrir september – desember fari fram með greiðslu framlaga vegna janúar 2013. Mánaðarlegar greiðslur til

kennslusveitarfélaga nemendanna á skólaársgrunni á grundvelli 2. mgr. 1.gr. reglna, þ.e. á tímabilinu september til ágúst eru samtals 42,5 m.kr. eins og áður segir.

Úrvinnsla umsókna á grundvelli 7. gr. reglnanna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda hefur nú farið fram. Um er að ræða framlög til lögheimilissveitarfélaga vegna nemenda sem stunda nám á grunnstigi í söng og á grunn- og miðstigi í hljóðfæraleik utan síns sveitarfélags vegna framhaldsskólanáms að uppfylltum sérstökum skilyrðum.

Úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein takmarkast af því hve mikið fjármagn Jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar að teknu tilliti til framlaga skv. a-lið 4. og 6. gr. reglugerðarinnar. Úthlutuð framlög vegna samþykktra umsókna samkvæmt b-lið 4. gr., sbr. 7. gr. reglugerðarinnar, skulu að hámarki nema 50% af vagnu meðaltali framlags á nemanda, sbr. a-lið 4. gr. reglugerðarinnar. Heildarfjárhæð til úthlutunar skv. 2. mgr. 1. gr., sbr. a-lið 4. gr. reglugerðarinnar eru 510 m. kr. vegna 921 nemanda sem er að meðaltali 553.746 kr. á hvern nemanda og 50% af þeirri fjárhæð eru 276.873 kr. sem er þá hámarks framlag á nemanda samkvæmt b-lið 4. gr., sbr. 7. gr. reglugerðarinnar.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að endurskoðuð úthlutun framlaga væri samþykkt.

Við umfjöllun og tillögugerð að úthlutun framlaga til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir og Árni Rúnar Þorvaldsson af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

## ÖNNUR MÁL

### Aukaframlag

Við 3ju umræðu fjárlaga var samþykkt málamiðlunartillaga um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fengi aukaframlag að fjárhæð 74 m.kr. á árinu 2013 svo hægt væri að standa við gefin loforð hvað aðkomu sjóðsins að fjárhagserfiðleikum Sveitarfélagsins Álftaness varðaði og ljúka mætti fjárhagslegri endurskipulagningu sveitarfélagsins.

Í kjölfar sameiningar Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness er tók gildi 1. janúar sl. var lögð á það rík áhersla af hálfu fjárhaldsstjórnar sveitarfélagsins og Garðabæjar að framlagið kæmi strax til greiðslu í ársbyrjun 2013.

Ráðgjafarnefndin hafði samþykkt að leggja til að beiðni þar að lútandi væri tekin til greina og var greiðsla framlagsins innt af hendi þann 10. janúar 2013.

Á fundinum staðfesti ráðgjafarnefndin samþykki sitt til greiðslu aukaframlags til Garðabæjar vegna Sveitarfélagsins Álftaness til þann 10. janúar 2013.

### Fundur í febrúar

Samþykkt var að stefnt væri að næsta fundi nefndarinnar þann 28. febrúar nk. og kynningarfundi vegna málefna fatlaðra þann 1. mars nk.

Fleira ekki gert og var fundi slitið kl. 13:30.

Halldór V. Kristjánsson